

Alþingi
Erindi nr. P /31/ 888
komudagur 28.2.2005

FJÖLMENNINGARRÁÐ

Alþjóðahúsi Hverfisgötu 18 101 Reykjavík

Reykjavík, 28.febrúar 2005

Til: Allsherjarnefndar Alþingis og Félagsmálanefndar Alþingis

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga (48. mál lagafrumvarp 131. löggjafarþingi) og frumvarp til laga um breytingu á lögum á atvinnuréttindum útlendinga (47. mál lagafrumvarp 131. löggjafarþingi)

Stjórn Fjölmeningarráðs styður þessi tvö ofangreind frumvörp sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt fram á Alþingi. Frumvörpin eru stutt en fela í sér mjög mikilvæg atriði sem bæta réttindi útlendinga á Íslandi og auka jafnframt þjóðfélagslegt réttlæti Íslendinga, og þess vegna fögnum við þeim. Stjórn Fjölmeningarráðs telur frumvörpin í senn fela í sér mikilvægar réttarbætur fyrir útlendinga og styrkja samfélagslegt réttlæti í landinu.

Meðal réttarbóta í frumvarpanna má nefna:

1. Að tryggja réttindi erlendra ungmenna við 18 ára aldur eftir að hafa dvalið í landinu sem nánustu aðstandendur Íslendinga eða útlendinga með óbundið dvalarleyfi.
2. Að tryggja réttindi innflytjendakvenna við skilnað/sambúðarslit við Íslendinga eða útlendinga með óbundið dvalarleyfi vegna heimilisofbeldis.
3. Að tryggja að útlendingar geti notið fjárhagsaðstoðar frá sveitarfélögum innan ákveðins ramma án þess að eiga á hættu að vera synjað um veitingu dvalarleyfis.
4. Að veita útlendingunum sjálfum en ekki atvinnurekendunum, eins og í núverandi kerfi, tímabundið atvinnuleyfi. Með því móti er útlendingunum gert auðveldara með að verja stjórnarskrárbundin réttindi sín í landinu.

Stjórn Fjölmeningarráðs telur ofangreindar breytingar bæta mjög réttindi útlendinga og veiti þeim möguleika á að nálgast líf skjör annarra íbúa í landinu. Þess má geta að innflytjendakonur og börn eru yfirleitt raddlaus hópur í samfélaginu og við vonum að flestir alþingismenn úr öllum flokkum styðji frumvörpin og beiti sér þar með fyrir því að áðurnefndar réttarbætur verði að lögum fyrir þinglok 2005.

Virðingarfyllst,
F.h. Stjórnar Fjölmeningarráðs



Hope Knútsson
Æsufelli 4, 111 Reykjavík



Daniel Teague
Ásvallagötu 60, 101 Reykjavík